



Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

31. október 2014

Þingskjal 161 – 157. mál

Almennt álit

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar þeim breytingum á vegalögum nr. 80/2007 er fram koma í frumvarpi þess efnis og lúta að því að skerpa á hlutverki og ábyrgð Vegagerðarinnar annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.

Athugasemdir við einstakar greinar

- **3. gr. frumvarps, a-liður.** SSA fagnar og styður þá breytingu sem hér er lögð til enda er þar tekið tillit til ábendinga sveitarfélaga m.a. með tilliti til snjómoksturs. SSA ítrekar jafnframt þá ábyrgð Alþingis að tryggja nægjanlegt fjármagn til viðhalds vega og vetrarþjónustu, svo tryggja megi sem best öryggi allra íbúa.
- **9. gr. frumvarps.** SSA bendir á, líkt og áréttað hefur verið af Sambandi sveitarfélaga á Íslandi, að brýnt er að fyrir liggi kostnaðarumsögn um áhrif frumvarpsins á sveitarfélög en hún hefur ekki verið lögð fram með frumvarpinu. Samkvæmt greinargerð um endurskoðun vegalaga sem birt var í febrúar síðastliðnum má gera ráð fyrir að viðhaldskostnaður á hvern kílómetra sé að meðaltali á bilinu 1–1,5 m.kr. á ári.